
LEIKSKÓLINN FURUGRUND

STARFSÁÆTLUN

2026-2027



Eva Sif Jóhannsdóttir og Helga Hanna Þorsteinsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Efnisyfirlit

Formáli 2
1.Inngangur 2
2. Skólastarfið/Leiðarljós 2
3. Mat á skólastarfi 3
3.1 Innra mat leikskólans 3
3.2 Ytra mat 5
4. Umbótaáætlun 7
5. Áherslur í starfi leikskólans 7
6. Þróunar- og nýbreytnistarf 7
7. Foreldrasamstarf 8
7.1 Foreldraráð 8
7.2 Foreldrafélag 8
8. Starfsfólk 9
9. Símenntunaráætlun 9
10. Skipulagsdagar 10
11. Aðrar upplýsingar 11
12. Húsnæði og lóð 12
13. Öryggismál 14
14. Lokaorð 15
15. Fylgigögn 16
Viðfangsefni/markmið 17
Börn komi að mati á leikskólastarfinu 17
Efla málþroska og læsi 17
Ný skólanámsskrá 17
Uppeldisfræðilegar skráningar 17
Matsteymi 18
Lausnahringurinn 18
Leiðsagnarkennsla – Mentoring Matters 18
Tengiliður farsældar 19
Tengjumst í leik 19
Útinám 19
Lanis 20
Fylgiskjal 2 -Símenntaráætlun 21
Fylgiskjal 3 - Umbótaáætlun 2025-2026 – Markmiðum sem var náð 22
Fylgiskjal 4 - Skóladagatal 2026-2027 25
Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs 26

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðasetningu og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá Menntanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

1.Inngangur

Vel gekk að manna leikskólann haustið 2025. Eftir stækkun og viðamiklar breytingar á skólahúsnæðinu ásamt innleiðingu Kópavogsmódelsins hefur starfsmannavelta minnkað og ákveðið jafnvægi náðst. Árið 2023 var ár breytinga en eftir stækkun, er leikskólinn nú starfræktur í tveimur húsum, Furugrund eitt og Furugrund þrjú. Sumarið 2024 var farið í endurbætur á húsnæði Furugrundar eitt, skipt var um gólfefni, hurðir og skólinn málaður.

Samhliða endurbótum á húsnæði þá tók gildi ný gjaldskrá fyrir leikskóla Kópavogs sem varð til þess að jákvæðar breytingar urðu á rekstarumhverfi leikskólanna. Breytingarnar fólu í sér að lokað er í kringum jól og páska auk vetrarleyfa í október og febrúar. Upplifun starfsmanna Furugrundar af breyttum opnunartíma er afar jákvæð. Jákvæð þróun hefur einnig orðið á vistunartíma en um 20-33% barnanna hafa að meðaltali verið í sex tíma vistun og léttir það álag við upphaf og lok dags. Deildirnar eru ekki í hámarksnýtingu allan daginn og auðveldara er að koma fyrir undirbúningstímum og vinnutímastyttingum starfsfólks. Mikil ánægja er um lokanirnar í starfsmannahópnum og eru þær á kærkomnum árstíma þegar starfsfólk og börn þurfa á hvíld að halda. Stytting vinnuvikunnar og útfærsla hennar er enn krefjandi verkefni. Þrátt fyrir lokunardaga standa enn eftir um tíu heilir fjarverudagar hjá hverjum starfsmanni og oft er flókið að mæta þeim þar sem afleysing er ekki til staðar. Heilmiklu munar þó um styttri vistunartíma barna.

Áfram var lögð áhersla á innleiðingu uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga, einkum hvað varðar Lausnahringinn og önnur hagnýt verkfæri fyrir kennara. Töluverð vinna fór í stefnumótun með það að leiðarljósi að tryggja samfellu í námi barnanna og skýra vinnulag og starfshætti.

Farið var í að samræma reglur og stefnt var á miklar skipulagsbreytingar haustið 2025 sem nú hafa gengið í garð. Þær fólu meðal annars í sér að öll elstu börnin eru nú saman á einni deild í Furugrund þrjú. Einnig var lögð mikil áhersla á að slípa starfsmannahópinn saman og viðhalda áfram jákvæðri og uppbyggilegri skólamenningu þar sem einkunnarorð skólans eru að leiðarljósi.

2. Skólastarfið/Leiðarljós

Einkunnarorð Furugrundar eru ***virðing, hlýja, öryggi*** *og* ***traust*** og eru þau leiðarljós okkar í samskiptum. Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Jákvæðs aga og byggir sú stefna á sjálfsstjórnarkenningum. Þær fela í sér að horft er á orsakir hegðunar frekar en að reyna að breyta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi í skólaumhverfinu einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, vinsemd og festu, þannig þroska börnin og efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Innleiðing Lausnahringsins hélt áfram þetta skólaárið en hann er eitt af verkfærum uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga. Áherslan er á samskipti byggð á gagnkvæmri virðingu. Lykilatriði Lausnarhringsins eru lausnirnar sjö sem eru; ***að stjórna sér, skiptast á, að hjálpa, bjóða öðrum að vera með, geta sagt fyrirgefðu, segja stopp*** *og* ***bjóða knús***. Þetta eru samskiptareglur sem börnin setja sér með hjálp hinna fullorðnu. Teljum við lausnarhringinn vera afar gagnlegt verkfæri við að skapa vellíðan í barnahópnum. Hafa börnin tekið Lausnahringnum afar vel og nýtt sér hann mjög markvisst í leikskólanum sem og heima við. Einnig er hann samfléttaður Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna en Furugrund er Réttindaskóli og á það því vel saman.

Furugrund er einn af fimm fyrstu skólum í heiminum, á leikskólastigi, til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skólastarfið sitt. Skólinn byggir starf sitt á lykilhugtökum Barnasáttmálans sem eru umhyggja, vernd og þátttaka.

Mikil áhersla er lögð á að öllum börnum líði vel í leikskólanum. Snemmtæk íhlutun spilar þar stóran þátt en hún felst í því að áhersla er lögð á aðgerðir með markvissum hætti ef upp koma áhyggjur af þroska barna. Snemmtæk íhlutun er hugsuð til að stuðla að þroskaframvindu barna, hvort sem er í máli eða örvun annarra þroskaþátta. Mikilvægt er að íhlutunin hefjist sem fyrst til að markvisst inngrip skili tilsettum árangri.

Erasmus+ hefur verið öflugt leiðarstef í starfi skólans en við höfum í mörg ár tekið þátt í Evrópusamstarfi og hefur það samstarf skilað mikilvægri skólaþróun. Ákveðið var að taka hlé frá þátttöku í Erasmus+ verkefnum síðasta skólaár. Engu að síður fengum við heimsókn frá prófessorum við Háskólann í Wales sem komu til að kynna sér námsskrá leik- og grunnskóla á Íslandi þar sem við vorum helstu tengiliðir þeirra á Íslandi vegna fyrra samstarfs. Einnig fengum við á vorönn tvær heimsóknir frá íslenskum leikskólum, Brekkubæ frá Vopnafirði og starfsfólk Barnaskóla Kársness úr okkar bæjarfélagi. Auk þess sem við fengum heimsókn frá öllum leikskólastjórum í Árborg ásamt leikskólafulltrúa Árborgar. Kynntum við fyrir þeim stefnu skólans, Jákvæða agann og hvernig við höfum unnið að innleiðingu hans og Lausnahringsins. Það er alltaf gaman og gagnlegt að taka á móti gestum og er það hluti af skólaþróun okkar að vera virk í samstarfi við aðra skóla.

3. Mat á skólastarfi

3.1 Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Furugrundar eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati. Stofnað hefur verið formlegt matsteymi leikskólans sem mun sjá um skipulagningu og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsteymi var stofnað á haustdögum 2025 en hingað til hefur það verið í höndum stjórnendateymis skólans. Í matsteyminu sitja nú: Eva Sif, Gabríela Sól, Karólína, Nanna, Silvía Sól og Sigríður Sóley. Fundaráætlun gekk ekki alveg eftir í ár sökum annarra verkefna en stefnt er á að halda fundi að lágmarki hálfsmánaðarlega til að hægt sé að útfæra sem fyrst matsáætlun fyrir skólann.

Áframhaldandi símati var sinnt á þessu skólaári þar sem farið var yfir viðburði að þeim loknum og metið hvernig þeir gengu og gerðar tillögur að endurbótum. Áfram er verið að vinna að tyllidagahandbók þar sem allir uppbrotsdagar eru tilteknir og sett upp handrit að þeim ásamt tillögum að úrbótum ár hvert. Með því móti er hægt að meta viðburði og uppbrotsdaga um leið og þeim lýkur hverju sinni. Er þessari vinnu nánast lokið en tyllidagahandbókin verður aldrei fullmótað verk heldur í sífelldri endurskoðun.

Staða Lausnahringsins var endurmetin og farið í úrbætur út frá þeim umræðum sem áttu sér stað í framhaldi af endurmatinu. Voru þetta mjög ganglegar umræður og er jákvætt að sjá hversu vel innleiðingin hefur tekist og hversu mikil ánægja er með verkefnið.

Breytingar urðu á Lausnateymi skólans. Álaginu var létt af deildastjórum sem voru í teyminu og nú eru starfandi í teyminu, Sif Jónsdóttir sérkennari, Sólveig Sigurvinsdóttir sérkennslustjóri og Eva Sif Jóhannsdóttir leikskólastjóri. Einnig er hægt að kalla til sérgreinastjóra, Höllu Jónsdóttur eða iðjuþjálfa, Andreu Björt Ólafsdóttur. Lausnateymið hefur hist eftir þörfum en með tilkomu lausnateymis er meiri áhersla á að nýta mannauð leikskólans áður en leitað er utanaðkomandi ráðgjafar.

Reglulegt mat barna á skólastarfinu fór fram í gegnum barnafundi. Þar voru þau spurð út í ýmsa þætti skólastarfsins og hvött til að koma með hugmyndir og ábendingar.

Verkefnið *„Okkar leikskóli“* er ein af aðgerðum Kópavogsbæjar til að efla lýðræðislega virkni og þátttöku barna í leikskólum bæjarins. Verkefnið veitir börnunum ákvörðunarrétt um nýtingu ákveðinnar fjárupphæðar árlega til að bæta aðstöðu sína í leikskólanum, sem fellur vel að vinnu okkar með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.Verkefnið vekur ávallt jákvæð viðbrögð í barnahópnum. Í ár var sú leið farin að hver deild kaus leikföng og efnivið fyrir sig fyrir. Líklegt er að sama fyrirkomulag verði haft nú á haustmánuðum.

Móttökusamtöl fyrir nýliða í starfi eru nú föst í sessi eftir þriggja ára innleiðingu á móttökuáætlun leikskólans. Móttökusamtölin hafa gefist vel og er ánægja með þau innan nýliðahópsins. Í þeim felst endurmat og umbætur þar sem starfsfólki gefst kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og stjórnendur fá tækifæri til að leiðbeina og styrkja nýtt starfsfólk í starfi.

Starfsmannasamtöl voru tekin við alla starfsmenn sem voru við störf í janúar/febrúar og maí/ júní og tóku leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri öll samtölin. Stefnan er tekin á að taka þrjú styttri samtöl á ári í stað þess að hafa eitt samtal á ári. Sú nýjung var tekin upp að öll samtöl eru sett inn í One skjalakerfið og því auðveldlega hægt að nálgast skjölin og deila með starfsfólki.

Á þessu skólaári var tekið upp nýtt fyrirkomulag samtala þar sem markmiðið er að eiga styttri samtöl við starfsfólk þrisvar sinnum á ári. Samtölin eru þá áætluð í október/nóvember,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

janúar/febrúar og maí/júní. Leikskólastjórar munu þá sjá um tvö af þremur samtölum en deildarstjórar eitt.

Matsþáttur skólaársins var *læsi og samskipti* og var hann metinn vorið 2026. Langflestir þættir fengu háa einkunn í sjálfsmati deilda, en helsta tækifærið til úrbóta fólst í að beina athygli okkar enn frekar að sýnileika ólíkra tungumála innan leikskólans. Markmiðið er að nýta hagnýt verkfæri frá tengilið barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til þess.

EFI og Hljóm-2 eru skimunartæki sem notuð eru fyrir öll börn í leikskólanum. Ef matið bendir til að þörf sé á snemmtækri íhlutun eru börn sett í sérstaka Hljóm eða EFI hópa þar sem unnið er að því að styrkja málþroska þeirra og hljóðkerfisvitund. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður skimana í foreldraviðtölum og eru hvattir til að þjálfa ákveðna þætti heima samhliða starfinu í leikskólanum. Ef þörf krefur er leitað til sérfræðinga menntasviðs í kjölfar skimunar, í samræmi við handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun. Áætlað er að innleiða LANIS málþroskaskimun í leikskólanum þetta skólaárið.

3.2 Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats á leikskólanum er í höndum utanaðkomandi aðila.

Skólapúlsinn var lagður fyrir foreldra í mars 2026. Svarhlutfall var 83% sem telst mjög gott og yfir viðmiði um áreiðanlegar niðurstöður. Helstu niðurstöður voru:

- Foreldrar voru mjög ánægðir með leikskólann (96,9%) og stjórnun hans (98,5%).
- Börnunum líður vel í leikskólanum (97,8%) og námsumhverfi, félagsleg samskipti og þátttaka mælast mjög sterk.
- Vinnubrögð starfsfólks, stuðningur við börn og upplýsingamiðlun til foreldra eru yfir landsmeðaltali.
- Foreldrar nefndu fagmennsku starfsfólks, góð samskipti, stöðugleika, Lausnahringinn og góða líðan barna í skólanum sem helstu styrkleika skólans.
- Í opnum svörum foreldra var aukin útivera og fleiri vettvangsferðir það umbótaatriði sem oftast var nefnt. framhaldinu skoðuðum við málið innan starfsmannahópsins og breyttum fyrirkomulaginu þannig að yngstu börnin fara nú alla daga í útiveru. Á öðrum deildum er farið út daglega í að minnsta kosti 1–1,5 klukkustundi, nema vegna óveðurs eða garðurinn sé ófær. Þá hafa mið- og eldri barna deildir verið að þróa útinám sitt, þar sem dalurinn er nýttur til kennslu og börnin fara í ferðir í minni hópum að minnsta kosti einu sinni í viku. Þetta hefur mælst sérstaklega vel fyrir og höfum við því ákveðið að fá Sabínu Steinunni Halldóttur til að halda fyrir okkur námskeið á haustönn um útinám barna og þau tækifæri sem í því felast.
- Í opnum svörum komu einnig fram örfáar ábendingar um að foreldrar myndu vilja fá meiri upplýsingar um daglegt starf og viðfangsefni barnanna í leikskólanum. Vikulega kemur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

tölvupóstur frá deildastjórum þar sem fjallað er einmitt um þessa þætti og því munum við skoða hvort við séum ekki örugglega að segja frá daglega starfinu þar.

Niðurstaða dregin saman: Niðurstöður sýna mjög mikla ánægju foreldra með starf Furugrundar, sterkt námsumhverfi og gott samstarf heimilis og leikskóla. Skólastarf Furugrundar er yfir landsmeðaltali í flestum þáttum Skólapúlsins. Skera sig sérstaklega úr vinnubrögð starfsfólks, upplýsingamiðlun, þekking foreldra á stefnu skólans, tengsl við starfsfólk og að skólinn starfi í anda þátttöku án aðgreiningar.

Skólapúlsinn var einnig lagður fyrir starfsmenn í febrúar 2026. Svarhlutfall var 70% sem telst gott. Helstu niðurstöður voru á þá leið að:

- Starfsánægja mældist 7,9, hollusta 9,0 og tryggð 8,8, sem er bæði yfir meðaltali leikskóla og Kópavogsbæjar í heild.
- Starfsfólk metur sérstaklega hátt næsta yfirmann (9,4), samstarf (8,9), starfið sjálft (8,7), ímynd starfsstöðvarinnar (8,7) og starfsþróun (8,3).
- Mjög jákvæðar niðurstöður komu fram um stjórnun og aðgengi næsta yfirmanns, siðferði, faglega hæfni og leiðsögn.
- Starfsfólk telur starfsstöðina hafa mjög góða ímynd og mælir með Furugrund sem vinnustað.
- Enginn starfsmaður sagðist hafa orðið fyrir eða orðið vitni að einelti, áreitni eða ofbeldi af hendi samstarfsfólks á síðustu 12 mánuðum.

Helstu tækifæri til umbóta

- Vinnuálag og mönnun eru helstu áskoranir sem starfsfólk nefnir. Í opnum svörum koma fram ábendingar um manneklu vegna veikinda starfsfólks, of stóran barnahóp og aukið álag tengt hegðunarvanda barna og starfsmannabreytingum.
    - Við sjáum þó strax mikinn mun á veikindafjarveru en skólaárið 2024-205 var afar slæmt hvað þennan þátt varðar. Með áframhaldandi vinnu vonumst við til að halda álagi vegna fjarveru í lágmarki.
    - Barnahópurinn miðað við fermetrafjöld erum við öll sammála um að sé of stór sérstaklega á mið og elstu deildum og það þarf að skoða með starfsfólki menntarsviðs Kópavogs.
    - Með tilkomu Lausnahringsins sjáum við einnig hnignun á fjölda barna með hegðunarvanda og vonumst til að sú þróun haldi sér en með skýrum samstíga reglum höldum við betur utan um slík mál.
    - Starfsmannabreytingar voru ekki miklar nú á haustdögum og þurfti til dæmis ekki að ráða nýtt fólk til starfa. Að sjálfsögðu verða alltaf einhverjar mannabreytingar en við bindum vonir við að starfsmannavelta haldi áfram að vera lítil.
- Starfsfólk óskar helst eftir fræðslu um stjórnun álags og streitu auk fræðslu um foreldrasamskipti og foreldrasamtöl. Munu stjórnendur skoða það en strax á vordögum fengum við bæði jóga nidra og bandvefslosunar námskeið í leikskólann á skipulagsdegi í von um að koma að einhverju leyti til móts við þessar óskir.

Niðurstaða dregin saman.

Niðurstöður sýna að starfsfólk Furugrundar er almennt mjög ánægt í starfi, upplifir gott samstarf, sterka forystu og jákvætt starfsumhverfi. Áskoranir snúa að vinnuálagi, mönnun og áframhaldandi stuðningi við vellíðan og starfsþróun starfsfólks.

Skólaárið 2026-2027 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

4. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu innra og ytra mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Furugrund er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjölum 1 og 3.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Helstu áherslur í starfi leikskólans eru eins og áður á áframhaldandi vinnu með jákvæðan aga, Lausnarhringinn og sjálfsprottinn leik barnanna. Réttindaskólaverkefnið, Yap leikfimi, Lubbi og hljóðkerfisvitund og Gefðu 5 munu einnig vera fyrirferðamikil verkefni vetrarins. Stór hluti leikskólastarfs byggir svo á samskiptum og eru einkunnarorðin **Virðing**, **hlýja**, **öryggi** og **traust** leiðarljósið okkar þar ásamt Lausnahringnum.

6. Þróunar- og nýbreytnistarf

Deildarsáttmáli. Barnafundur verði haldinn að hausti á hverri deild þar sem börnin semja samskiptareglur deildarinnar ásamt starfsfólki. Gert í síðasta lagi í október ár hvert. Reglur séu gerðar sýnilegar bæði börnum, starfsfólki og foreldrum og auðtengdar við lausnahringinn. Þetta var prufukeyrt á síðasta skólaári og verður gert aftur í ár.

Daglegir morgunfundir barna þar sem farið er yfir dagskipulagið, hvað dagurinn ber í skauti sér. Það er vilji til að halda þessu fyrirkomulagi áfram.

Fræðsla til foreldra verði aukin í formi einblöðunga sem afhentir verða í foreldrasamtölum. Vinnunni lauk á vorönn og eru þeir nú tilbúnir til afhendingar íforeldrasamtölum. Nú þegar hafa verið gerðir átta einblöðungar sem fjalla meðal annars um; skjánotkun og svefn barna, jákvæðan aga, Barnasáttmálann, geðheilsu- og tengslamyndun, gróf- og fínhreyfingar, hljóðkerfisvitund, félagsfærni og málþroska.

Skipaður var vinnuhópur sem vann að mótun **mál- og læsisstefnu** fyrir skólann. Markmiðið er að ljúka gerð málstefnunnar á haustönn 2026 og innleiða hana að fullu skólaárið 2027-2028. Samhliða þessu er stefnt að því að tryggja betri samfellu í öllu starfi sem varðar læsi, þróun hljóðkerfisvitundar og uppbyggingu orðaforða hjá börnunum. Það verður gert með því að semja námsskrá fyrir hvert aldursár og koma upp hugmyndabanka með fjölbreyttum verkefnum, leikjum og öðru stuðningsefni.

Stofnaður var vinnuhópur í tengslum við innleiðingu á **Jákvæðum aga** sem fundar mánaðarlega. Sérgreinastjóri hefur yfirumsjón með ferlinu, skipuleggur fræðslu og styður starfsfólk við áframhaldandi innleiðingu. Þá voru dregnar skýrari línur um sameiginleg verkefni í samstarfi við starfsfólk deilda.

Endurskoðun skólanámskrár. Vinna við nýja skólanámsskrá hófst á Flúðum vorið 2025. Mjög góð virkni og þátttaka var í þeirri vinnu og mikill hugur í starfsmannahópnum. Vinnuhópur var stofnaður á síðasta skólaári sem í sátu, Eva Sif skólastjóri, Helga Hanna aðstoðarstjóri, Sólveig

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

sérkennslustjóri og Halla sérgreinastjóri og yfirfór hópurinn allan texta námsskrárinnar. Næsta skref er að allir starfsmenn yfirfari nú textann í loka yfirlestri. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki fyrir jól 2026. Að því loknu tekur við uppsetning skólanámsskrárinnar og þátttaka foreldra í yfirlestri hennar.

Þróunarverkefni menntasviðs snýr að beinni aðkomu sálfræðings inn í leikskólana. Sálfræðingur menntasviðs mun vera með fasta viðveru í leikskólanum á tveggja vikna fresti tvo daga í senn. Hún verður starfsfólki innan handar varðandi ýmis mál sem upp koma. Einnig kemur hún að málum einstakra barna eða barnahópa. Þetta verkefni tókst mjög vel hefur verið ákveðið að fara þá leið að allir sálfræðingar bæjarins vinna nú á þennan hátt þetta skólaárið.

Unnið var að **endurskoðun foreldrasamtalsblaða.** Nýjum blöðum er ætlað að auðvelda starfsfólki að meta stöðu barna og stuðla þannig að skilvirkari foreldrasamtölum. Breytingin bætir yfirsýn yfir leikskólagöngu og þroskaframvindu barna, auk þess sem hún tryggir samræmdari viðmið, meiri ígrundun fagfólks og tímasparnað.

Uppeldisfræðilegar skráningar eru varðveittar í ferilmöppum barna og er markmiðið að endurskoða fyrirkomulag þeirra haustið 2026. Sérstakur vinnuhópur hefur verið stofnaður til að halda utan um það verkefni.

7. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um nám barnanna og starf leikskólans. Hver deild sendir út vikulega tölvupósta til foreldra þar sem þeir eru upplýstir um hvað fór fram í vikunni og hvað er framundan í næstu viku. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri senda svo einnig út reglulega tölvupósta með hinum ýmsu upplýsingum varðandi starfið í leikskólanum. Einnig er áætlað að leikskólastjóri sendi eitt til tvö fréttabréf á önn þar sem farið er yfir það helsta sem er á döfinni og miðlað er fræðslu og gagnlegum upplýsingum til allra foreldra í gegnum Smore stafrænu fréttabréfakerfi.

7.1 Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Skýrist á haustdögum hverjir sitja í foreldraráði Furugrundar en þeir sem eru nú starfandi eru: Gísli Ólafsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Sif Ómarsdóttir. Kosið er í ráðið á aðalfundi að hausti og í framhaldinu tilkynnt í tölvupósti til foreldra hverjir sitja í ráðinu. Einnig eru upplýsingar á heimasíðu leikskólans.

7.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag Furugrundar er mjög öflugt og tekur stjórn þess virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd fjölbreyttra viðburða ár hvert í nánu samstarfi við skólastjórnendur. Aðalfundur félagsins hefur verið sérlega vel sóttur síðan stjórnin innleiddi skráningarskyldu fyrir fundinn, en haustið 2025 mættu um 40 foreldrar sem telst mjög góð þátttaka. Síðustu tvö ár hefur einnig verið boðið upp á stutt fræðsluerindi á fundinum; haustið 2025 hélt Arnrún María Magnúsdóttir erindi og deildi hagnýtum ráðum um hvernig nýta má Lausnahringinn á heimilinu.

Í stjórn foreldrafélagsins 2025-2026 sátu: Anna Bergljót Thorarensen, Guðmundur Már Gunnarsson, María Rúnarsdóttir, Mekkín Silfá Karlsdóttir, Melkorka María Guðmundsdóttir, Rannveig Magnúsdóttir, Steinunn Camilla Sigurðardóttir auk Evu Sifjar leikskólastjóra og Helgu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Hönnu aðstoðarleikskólastjóra. Kosið verður í nýja stjórn á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn verður á haustdögum en sex af sjö í núverandi stjórn hafa nú þegar sýnt áhuga á að halda áfram störfum. Tilkynnt verður um nefndarmeðlimi í tölvupósti til foreldra auk þess sem nálgast má upplýsingarnar á heimasíðu leikskólans.

8. Starfsfólk

Í leikskólanum Furugrund er gert ráð fyrir um það bil 15 grunnstöðugildum á deildum, einu stöðugildi leikskólastjóra, sextíu og fimm prósent stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, sextíu og fimm prósent stöðugildi sérkennslustjóra og rúmlega tveimur stöðugildum í eldhúsi. Að auki er fyrirfram ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, uppreiknað starfshlutfall afleysingar vegna undirbúningstíma og aukin stöðugildi vegna sérkennslu. Á skólaárinu 2026–2027 verða heildarstöðugildin 30, þar af rúmlega sex vegna sérkennslu. Að okkar mati er augljóst að grunnstöðugildi eru of fá. Hið sama á við um stöður sérkennslustjóra og aðstoðarskólastjóra, sem ættu hvoru tveggja án vafa að vera full störf. Starf sérkennslustjóra er afar viðamikið og nýverið bættist við það hlutverk tengiliður farsældar án aukningar í stöðugildi.Það sama gildir um aðstoðarskólastjóra en starf hans hefur breyst mikið á síðustu árum með auknum kröfum.

Skólaárið 2026-2027 munu starfa í Furugrund tuttugu kennarar, þar af þrír stjórnendur, fimm deildarstjórar og tólf leikskólakennarar (þrír í langtímaveikindum). Einn þroskaþjálfi, einn iðjuþjálfi, einn kennaranemi í meistaranámi við HÍ, þrír kennaranemar í B.ed. námi við H.Í., sjö háskólamenntaðir leiðbeinendur (1 í fæðingarorlofi) og sjö leiðbeinendur með margvíslega reynslu. Auk matartæknis og tveggja aðstoðarmatráða.

Í Furugrund starfar einstakur mannauður. Metnaðarfullur og kappsamur hópur fólks og eru stjórnendur afar stoltir af faglegu og metnaðarfullu starfi sem þeir inna af hendi.

Mannauður Furugrundar er afar öflugur sem er einn af helstu styrkleikum skólans. Þar starfar metnaðarfullt, reynslumikið og faglega sterkt starfsfólk sem leggur sig fram um að veita börnum framúrskarandi umönnun, menntun og stuðning. Stjórnendur bera mikið traust til starfsfólksins og eru stoltir af þeirri fagmennsku, ábyrgðarkennd og þeirri stöðugu viðleitni til umbóta sem einkenna starfshætti þess. Samvinna, virðing og sameiginleg ábyrgð á gæðum starfsins eru leiðarljós í daglegu starfi og skapa grunn að öflugu og farsælu leikskólasamfélagi.

Móttökusamtöl fyrir nýja starfsmenn eru í stöðugri endurskoðun og lögð er mikil áhersla á að sinna þeim vel á fyrsta starfsári hvers og eins. Verkefnið *Velferð á vinnustað*, var komið á fót til að auka vellíðan á vinnustöðum bæjarins. Það hefur gengið afar vel og er að okkar mati farið að skila góðum árangri.

9. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk sækir námskeið og fyrirlestra sem nýtast í skólastarfinu og efla faglegan og persónulegan þroska þess og hæfni. Starfsfólki er skylt að sækja námskeið samkvæmt símenntunaráætlun skólans (sjá fylgiskjal 2). Námskeiðin eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða utan leikskólatíma.

Markmið okkar er að allir deildastjórar hafi lokið námskeiði í jákvæðum aga fyrir sumarið 2027 og að minnsta kosti tveir starfsmenn sæki námskeiðið í hvert sinn sem það er haldið. Með því móti munu að lágmarki fjórir starfsmenn geta lokið þessu tveggja daga námskeiði á ári. Nú þegar hafa báðir stjórnendur, sérkennslustjóri og tíu kennarar lokið námskeiðinu. Auk þess hefur fræðslu um

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Jákvæðan aga verið sinnt með þátttökuæfingum á skipulagsdögum, þar sem sérstök verkfæri stefnunnar eru útfærð og æfð. Frá og með haustinu 2025 hefur Halla Jónsdóttir sinnt hlutverki sérgreinastjóra með það að leiðarljósi að halda utan um verkefnið ásamt starfsmönnum vinnuhópsins.

10. Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til menntanefndar ef um námsferð erlendis er að ræða. Skipulagsdagar eru nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

25. september 2026
- Starfsmannafundur – praktísk atriði, undirstöðuatriði í starfi Furugrundar.
- Deildarfundir – skipulag haustsins og farið yfir barnahópinn.
- Systradeildarfundir – skipulag samræmt á milli systradeilda.
- Sabína Steinunn Halldórsdóttir – færni til framtíðar – útinám – frestað fram til nóv.

11.nóvember 2026
- Sameiginlegur skipulagsdagur með öllum leikskólum Kópavogs ½ daginn. Fjöltyngi og málörvun.
- Starfsmannafundur. Starfaáætlun og Öryggishandbók kynntar.
- Æfing úr jákvæðum aga, staða á deildum rædd.
- Sabína Steinunn Halldórsdóttir - færni til framtíðar – útinám.

20.janúar 2027
- Starfsmannafundur.
- Systradeildarfundir – aðgerðir samræmdar fyrir vorönn.
- Deildarfundir.
- Verkefni fyrir starfsfólk varðandi Barnasáttmálann.
- Lubbanámskeið.

9.mars 2027
- Starfsmannafundur.
- Námsþáttur ársins yfirfarinn á deildum og úrbótaáætlun deilda fyrir námsþáttinn gerð.
- Námskeið um streitustjórnun.

5. eða 10. og 7.maí 2027
- Námsferð erlendis.

Skráningardagar skólaárið 2026-2027:

Vetrarfrí í leikskólanum verða:
- 22. og 23. október 2026.
- 22. og 23. febrúar 2027.

Jólafrí í leikskólanum verða:
- 28., 29. og 30. desember 2026.

Páskafrí í leikskólanum verða:
- 22., 23. og 24. mars 2027.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

11. Aðrar upplýsingar

Gert er ráð fyrir að fjöldi barna verði 97 skólaárið 2025-2026 í Furugrund. Við fórum þá leið í fyrra að öll elstu börnin eru saman á deild í Furugrund 3 og aðlöguðum módelið að þeirri breytingu. Nú eru því 12 börn á Álfasteini, 12 börn á Dvergasteini, 24 börn á Mánasteini, 24 börn á Dropasteini og 25 börn á Töfrasteini.

Það væri æskilegt að minnka barnafjöldi í Furugrund miðað við stærð húsnæðis en eins og í flestum leikskólum eru of mörg börn í of litlu rými. Sérstaklega hefur þar áhrif að starfsmenn eru ekki reiknaðir inn fermetra töluna líkt og gert er ráð fyrir í vinnuverndarlögum. Einnig að hér hefur ávallt verið mikil sérkennsla sem þýðir að barnahópurinn er viðkvæmari fyrir stórum hópastærðum. Við gerum okkar besta til að skipta hópunum upp en á ákveðnum tímum eru öll börn og allt starfsfólk inni á deildum og getur hávaðinn þá orðið mikill. Af 95 nemendum eru 19 fjöltyngd eða um 20% af heildarfjölda nemenda, níu tungumál auk íslensku eru töluð af börnum í skólanum.

Fjöldi barna í árgangi er eftirfarandi: Börn fædd 2021 – 25, börn fædd 2022 – 24, börn fædd 2023 – 24, börn fædd 2024 – 16, börn fædd 2025 – 6.

Vistunartími barna hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum í kjölfar breyttrar gjaldskrár og nú er um helmingur barna í 7,5 klst. dvöl á dag í leikskólanum eða minna. Þetta er þó töluvert breytilegt milli mánaða og hefur sveiflast um allt að 7%.

Vor 2025

Vistunartími	Fjöldi barna	Hlutfall
5,25 -6 klst.	23	24%
6,1-7 klst.	13	13%
7,1-7,5 klst.	13	14%
7,6 – 8 klst.	34	35%
8,1– 8,5 klst.	13	13%
8,5–8,75 klst.	1	1%

Haust 2025

Vistunartími	Fjöldi barna	Hlutfall
5,25 -6 klst.	20	21%
6,1-7 klst.	15	16%
7,1-7,5 klst.	15	16%
7,6 – 8 klst.	38	39%
8,1– 8,5 klst.	8	8%
8,5–8,75 klst.	0	0%

Vor 2026

Vistunartími	Fjöldi barna	Hlutfall
5,25 -6 klst.	20	21%
6,1-7 klst.	19	20%
7,1-7,5 klst.	15	16%
7,6 – 8 klst.	34	36%
8,1– 8,5 klst.	7	7%

Haust 2026

Vistunartími	Fjöldi barna	Hlutfall
5,25 -6 klst.	32	33%
6,1-7 klst.	15	16%
7,1-7,5 klst.	21	21%
7,6 – 8 klst.	21	22%
8,1– 8,5 klst.	8	8%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

12. Húsnæði og lóð

Óskað var eftir að eftirfarandi framkvæmdir yrði farið í á skólaárinu 2025-2026. Yfirstrikuð atriði er það sem er nú þegar lokið. Annað færist yfir á óskir fyrir skólaárið 2026-2027.

1. Klára að skipta um dúk á Mánasteini, skrifstofu og milligangi (óklárað vegna raka í botnplötu) sem gengur illa að finna lausn á.
2. Setja upp vask inn á Mánasteini í hvítustofu.
3. Skipta út Ikea hillum á Mánasteini fyrir sérhannaðar hillur úr Á.Guðmundsson t.d.
4. Skipta út mikið af borðbúnaði.
5. Skipta um útidyrahurðir og hurðarramma á F1 báðum inngöngum barna.
6. Skipta út borðum og stólum á eldri deildum í F1. Eru þunglamaleg og lág borð á báðum elstu deildum og orðið mjög stökkt í mörgum stólum.
7. ~~Skipta út röngum rennihurðar komu gluggalausar á Mánasteini og hurð að sérkennslustjóraherbergi er einnig gluggalaus en á að vera með glugga. (Lokið vor 2026)~~
8. ~~Bíslag hjá útgöngum deilda. (Lokið, komnar snjógildrur ásamt nýju þaki – sumar 2026).~~
9. ~~Bíslag hjá eldhúsi– helst meðfram húsi (Lokið, komnar snjógildrur ásamt nýju þaki – sumar 2026).~~
10. ~~Skjávarpi í Furugrund 3 (Lokið, jan 2026).~~
11. ~~Nýjan útiskúr fyrir stærri leikskóla. (Lokið sumar 2026).~~
12. ~~Skipta um þak á húsinu (Lokið sumarið 2026).~~

Skýringar:

1. Ekki hægt að ljúka vegna þess að ekki hefur tekist að finna upptök raka í botnplötu.
2. Fer tími í að sækja vatn og fjarvera frá börnum á meðan.
3. Gera deildina meira aðlaðandi með nýjum húsbúnaði og hillum sem henta leikskólastarfi.
4. Allur borðbúnaður er nú úr postulíni en þyrfti frekar að vera úr melamíni. Þetta er mjög kostnaðarsamur liður sem ekki reynist unnt að brúa með fjármagni skólans.
5. Hurðirnar úr sér gengnar og sjúskaðar, að við teljum upprunalegar. Þarf núna í frosti og kulda nánast tvo til að loka hurðinni á Dropasteini. Væri mikilvægt þegar þak verður tekið á næsta ári að skoða bíslag fyrir Dropasteins/Mánasteins inngang líkt og er við Álfastein/Dvergastein. Viljum samt alls ekki plasthurðar heldur eitthvað í samræmi við útlit leikskólans.
6. Þarf að skoða mjög vel, orðið mjög sjúskað. Lokið.
7. – 12 er lokið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Einnig var haldinn fundur með garðyrkjustjóra þar sem farið var yfir eftirfarandi óskir fyrir lóðina:

Norðurgarður

- Brekkan í nýja garðinum verður mjög hál í frosti er eitthvað hægt að gera? Sanda eftir þörfum.
- ~~Þarf að skipta út ungbarna rólunni í nýja garðinum í venjulega rólu, breyttur aldur barnahópsins. (Lokið vor 2026)~~
- ~~Vantar útiskúr fyrir útileikföng – stærri sem smærri – mjög lítil geymsla sem við höfum núna – engin breyting orðið þrátt fyrir tæplega 30 barna stækkun skólans. Leggjum til að hann sé staðsettur í ruslagerðinu. Eftir samtal við Friðrik kom fram tillaga að hafa hann í norður garði samtengdan grindverki við trampólín. (Lokið sumar 2026).~~
- ~~Fá sandkassa á nýja leiksvæðið í norður garði. Mætti hafa hann í kringum grenitréð? Friðrik kom með þá hugmynd að hafa hann í brekkunni og minnka þar með líka hættuna sem verður af brekkunni á veturna. (Lokið sumar 2026).~~
- ~~Byggja yfir hlaðið sandbeð, við aðalinngang leikskólans – spýtur/pallur? Eða einhverjar aðrar hugmyndir. Voru örfáar sígrænar plöntur sem voru grafnar upp þar sem börnin skortir sandkassa í norðurgarð. Rætt við Friðrik að setja gras/strá og blóm til að gera þetta grænna og minna kuldalegt. Ekki hugsað sem leiksvæði vegna fallhæðar. Lokið haust 2025) - Búið að setja gras/strá.~~

Suðurgarður

- Kastalinn og stóra húsið í garðinum komið á tíma.
    - Tillaga okkar, setja stóran sandkassa þar sem grasflöturinn er og hafa stórt og gott hús í honum miðjum.
- Fá sullusvæði í suðurgarði, sandkassa svæðið verði drullusvæði? Best væri að fá útieldhús á svæðið.
- Leiktæki í suðurgarði – lakk oft á tíðum illa farið. Er hægt að gera upp? Plötur á rólum, ruggutæki verst farin. Friðrik skoðar.
- Saga úr sandkassabrún fyrir litlu börnin (litla garði) svo þau geti labbað beint inn í sandkassann og hægt sé að sópa sandinum beint inn í hann. Ekki mælt með af Friðriki.
- Fella ösp sem skyggir alfarið á litla garðinn. Eða er hægt að lækka hana og minnka? Litli garður í myrkri stóran hluta dags, sérstaklega um haust og vetur að morgni dags þegar garðurinn er í mestri notkun af yngstu börnunum. Friðrik skoðar snyrtingu.
- Skipta um lás á litla hliðinu? Hliðið er alltaf skakkt og skælt og virkar bara tímabundið, það þarf að laga það. Einhver önnur lausn til?
- Fá net yfir sandkassana, Gunnsi var með þetta en segir að það sé hætt að framleiða netin. Er einhver önnur lausn. Netið nær illa yfir kassann í ungbarnagarðinum sérstaklega vegna borðsins. Sandkassanet skv. málsetningu – selt per m2 - Á. Óskarsson ehf.
- Skoða gúmmímottur á milli rennibrautar sem er í brekkunni setja harðari og stífari mottur á það svæði.
- Víða eru holur í garðinum/grasinu – er hægt að laga það?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

- ~~Engin mold lengur á trjárótum fyrir miðjum sunnanverðum garðinum. Er hægt að bæta mold á þau? Ekki gert en rætt að setja mottur þar yfir mögulega svo börnin séu ekki að slasa sig.~~
- ~~Skipta um hatta á ungbarnagarði mikið brotið. (lokið vor 2026).~~

Heilt yfir

- Laga brotnar spýtur á grindverki hringinn í kringum húsið – yfirfara tréverkið. (þarf reglulega að gera).
- Beðið á milli skólabygginganna Furugrund 1 og 3. Hefur ekki verið hreinsað né grisjað í 4 ár. Er mjög sjúskað og ljótt, mætti gjarnan taka í gegn og grisja og gera fallegt.
- Lýsingu ábótavant í suður garði, gamlir kúplar sem þarf að skipta út og jafnvel skoða að bæta inn lýsingu þegar skipt verður um kastala og svæðið skoðað.
- ~~Plöntur í stóru kerin fyrir utan Furugrund 3, væri frábært að fá sígrænt þar en ekki blóm, fallegt allt árið en ekki bara glæsilegt 3 mánuði á ári og svo tómt þess á milli. (Lokið vorið 2026).~~

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggistrúnaðarmaður, öryggisvörður og einnig áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Meginmarkmið áfallaráðs er að bregðast við og halda utan um þær aðgerðir sem fara í gang þegar áfall verður.

Þar að auki er starfandi heilsuboði í leikskólanum en hann hvetur til heilsusamlegra lifnaðarhátta og að hugað sé að bæði andlegri og líkamlegri heilsu.

- Öryggistrúnaðarmaður: Guðlaug Ólafsdóttir
- Öryggisvörður: Eva Sif Jóhannsdóttir
- Áfallaráð: Stjórnendateymi hverju sinni

Ef börn veikjast, verða fyrir slysi eða öðrum óhöppum er haft samband við foreldra eins fljótt og hægt er. Öll slys sem verða í skólanum eru skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar. Á öllum deildum er öryggishringur með upplýsingum um hvert barn ásamt símanúmeri forráðamanna. Ef starfsmaður slasast er atvikið einnig skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar ásamt því að skýrsla er send á vinnueftirlitið. Öryggiseyðublað með tengiliðaupplýsingum er til fyrir starfsfólk og er geymt á skrifstofu stjórnenda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

14. Lokaorð

Skólaárið 2025–2026 var í heild sinni árangursríkt og farsælt. Unnið var af festu að þeim markmiðum sem sett voru fram í starfsáætlun og náðist góður árangur á flestum sviðum starfseminnar. Starfið byggðist á skýrri stefnu, fagmennsku og virku samstarfi starfsfólks, stjórnenda og foreldra. Áhersla var lögð á stöðuga þróun og umbætur með það að markmiði að efla gæði námsumhverfis barna og styrkja faglegt starf leikskólans. Þeir áfangar sem náðust á árinu endurspegla metnað starfsfólks og sameiginlega sýn um að skapa öflugt, öruggt og lærdómsríkt samfélag fyrir börn, fjölskyldur og starfsfólk.

Frá áramótum hefur náðst umtalsverður árangur í að draga úr skammtímafjarvistum vegna veikinda. Lögð hefur verið áhersla á að fræða starfsfólk um réttindi og skyldur í veikindum, samhliða markvissri beitingu umhyggjusamtala. Þessar aðgerðir hafa stuðlað að aukinni vitund, ábyrgð og vellíðan innan starfsmannahópsins. Jafnframt hafa lokunardagar reynst mikilvægir til að efla starfsánægju og veita starfsfólki kærkomna hvíld í krefjandi og fjölbreyttu starfi.

Innleiðingu Lausnahringsins er nú formlega lokið og hefur hann fest sig í sessi sem mikilvægur hluti af faglegri nálgun skólans. Áfram verður unnið að frekari þróun á starfi Lausnahringsins, meðal annars með þátttöku í þróunarverkefni.

Nýtt leikfimikerfi (YAP) hefur reynst jákvæð viðbót við skólastarfið og gengið vel að innleiða nýjar áherslur í skipulagningu og framkvæmd leikfiminnar. Reynslan af verkefninu hefur verið góð og stuðlað að auknum gæðum í hreyfistundum skólans.

Áfram hefur verið unnið markvisst með áherslur um aukið flæði í leik barna. Þótt verkefnið sé enn í þróun hefur það þegar skapað mikilvægar faglegar umræður innan starfsmannahópsins um gildi leiksins sem grunn náms, þroska og vellíðanar barna. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að skoða hvernig tryggja megi leiknum nægan tíma, rými og virðingu í daglegu starfi leikskólans.

Jafnframt hefur hlutverk kennara í leik barna verið til umfjöllunar. Starfsfólk hefur í auknum mæli ígrundað hvernig kennarar geta stutt við leikinn, auðgað hann og skapað börnum tækifæri til aukins náms og félagsfærni. Þessi vinna hefur aukið sameiginlegan skilning á mikilvægi leiksins og styrkt faglega sýn starfsfólks á leik sem meginleið barna til náms og þroska.

Á hverju skólaári eflist skólasamfélagið enn frekar og þróar með sér aukinn faglegan styrk. Reynslan sýnir að jafnvel þegar áskoranir verða á vegi okkar skapast tækifæri til lærdóms og framfara. Einn helsti styrkleiki skólans er samheldinn og metnaðarfullur starfsmannahópur sem býr yfir mikilli fagmennsku, eldmóði og sameiginlegri sýn á mikilvægi starfsins. Samstaða og gagnkvæmur stuðningur eru lykilþættir í árangri skólans.

Áherslur skólaársins 2026-2027

Stefna skólans fyrir komandi skólaár er skýr og mótuð af sameiginlegri framtíðarsýn starfsfólks. Sérstök áhersla verður lögð á eftirfarandi þrjá þætti:

- Áframhaldandi innleiðingu jákvæðs aga með skýrum markmiðum og samræmdum áherslum fyrir hvern aldurshóp.
- Að styrkja læsi og málörvun enn frekar með markvissri vinnu og mótun heildstæðrar mál- og læsisstefnu fyrir skólann.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Að koma á fót matsteymi sem ber ábyrgð á gerð matsáætlunar og samræmingu innra mats skólans með það að markmiði að styðja við stöðuga umbótamenningu.

Umhverfi, samstarf og velferð

Áfram verður unnið að því markmiði að bæta útisvæði skólans, með sérstakri áherslu á endurgerð suðurgarðsins. Óskum þar að lútandi hefur verið komið á framfæri við eigna- og garðyrkjudeild sveitarfélagsins og hafa þegar farið fram samtöl um mögulegar úrbætur. Vonir standa til að verkefnið nái fram að ganga á komandi misserum og styrki þannig leik- og námsumhverfi barnanna.

Foreldrasamstarf verður áfram einn af hornsteinum skólastarfsins. Lögð verður áhersla á opið, traust og virkt samstarf við foreldra með daglegum samskiptum, markvissu upplýsingaflæði í gegnum tölvupóst og Völu.

Vellíðan starfsfólks er áfram forgangsmál. Verkefnið *Velferð á vinnustað* verður áfram mikilvægur þáttur í að fylgjast með heilsu og líðan starfsfólks og tryggja að viðeigandi stuðningur og úrræði standi til boða þegar þörf krefur. Góð líðan starfsfólks er ein af grundvallarforsendum þess að unnt sé að viðhalda þeirri fagmennsku og þeim metnaði sem einkennir starf skólans.

Með sameiginlegu átaki, skýrum markmiðum og sterkri faglegri sýn göngum við inn í nýtt skólaár með bjartsýni og metnað að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans, **virðing, hlýja, öryggi og traust**, verða áfram hornsteinar alls starfs og leiða okkur áfram í þeirri vegferð að efla starfsemina og gera góðan skóla enn betri.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 – Umbótaáætlun síðasta árs – markmiðum náð

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Halda áfram að þróa leiðir fyrir mat elstu barna á skólastarfinu. Áhersla á líðan barnanna í skólanum í tengslum við lausnirnar.	Vor 2027	Matsteymi	Að börnunum líði sem best í leikskólanum og þau séu að tileinka sér Lausnahringinn.	Í vinnslu. Hversu oft á skólaári? Ræða í matsteymi.
Efla málþroska og læsi	Vinna með Lubba, hljóðkerfisvitund og málþroska verði sýnilegri og skipulagðari. Setja inn markmið fyrir hvert aldursár. Ritmál sýnilegra í námsumhverfi. Fræðsla um málörvun til starfsfólks.	Haust 2026	Læsisteymi	Læsisnefnd setur upp námsskrár og hugmyndabanka fyrir hvert aldursbil.	Í vinnslu. Vinnu lýkur fyrir jól.
Ný skólanámsskrá	Vinna að nýrri skólanámsskrá fyrir leikskólann. Fá foreldra með í yfirlestur og gefa tækifæri til athugasemda.	Vor 2027	Leikskólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri.	Ný skólanámsskrá sé tilbúin fyrir enda skólaársins.	Í vinnslu. Búið að skipta öllum köflum í yfirlestur á milli starfsmanna. Næsta skref er að setja hana upp.
Uppeldisfræðilegar skráningar	Endurskoða ferilmöppur barnanna með uppeldisfræðilegar skráningar í huga	Vor 2027	Allt fagfólk Ferilmöppunefnd: Anna Katrín, Karólína, Sif,Silvía.	Handbók um ferilmöppur endurskoðuð. Fyrir lok skólaárs.	Í vinnslu. Byrjað að funda. Yfirfara tillögur á fagfundi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Matsteymi	Setja upp 4 ára áætlun og byrja að fylgja henni eftir. Funda mánaðarlega að lágmarki.	Vor 2027	Matsteymi: Eva, Gabríela, Karólína,Nanna, Silvía, Sigga Sóley.	Áætlun tilbúin fyrir lok skólaárs.	Í vinnslu. Fundir hafnir og undirbúningur farin af stað.
Lausnahringurinn	Þróunarverkefni með 8 öðrum leikskólum. Aðstoða aðra leikskóla við að innleiða Lausnahringinn í starf sitt. Byrjum á að fara í alla skólana og halda kynningu á innleiðingarferli Furugrundar. Kyndilberafundir og fleira.	Haust 2028	Eva, Helga og deildarstjórar fara í skólana. Kyndilberara: Dýrleif og Silvía	Áframhaldandi þróun lausnahringsins í Furugrund samhliða aðstoð við aðra leikskóla.	2 ára verkefni.
Leiðsagnarkennsla – Mentoring Matters	Rannsóknarverkefni. Að efla nám og kennslu með markvissri leiðsögn og ráðgjöf. Dýpka skilning á því hvort og hvernig starfstengd leiðsögn og kennsluráðgjöf geti stuðlað að auknum gæðum náms og kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Verkefnið beinir sjónum meðal annars að faglegri þróun kennara, kennslufræðilega forystu í tengslum við starfsánægju og festu í starfi.	Vor 2027	Helga Hanna, Sólveig og Eva	Vonast er til að þetta skili okkur bættu verklagi í handleiðslu kennara.	Í vinnslu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Tengiliður farsældar	Gera tengilið farsældar sýnilegri fyrir foreldra.	Vor 2027	Sólveig, Eva og Helga Hanna	Sýnileiki aukist	Hugmyndavinna í gangi. Nýta farsældarvikur.
Tengjumst í leik	Leiðbeinanda námskeið fyrir kennara til þess að geta haldið „Tengjumst í leik foreldranámskeið“.	Vor 2027	Solla, Þórunn og Halla	Auka foreldrafræðslu á vegum leikskólans. Stuðningur við uppeldi og nám.	Skráðar janúar 2027.
Útinám	Auka fjölbreytni í útinámi með reglubundnum vettvangsferðum í nærumhverfið, náttúruskoðun, hreyfileikjum og skapandi verkefnum utandyra. Efla fagþekkingu starfsfólks á útinámi með fræðslu, samræðu og miðlun góðra starfshátta. Nýta leikskólalóðina markvisst sem námsumhverfi sem styður við forvitni, rannsóknir og sjálfstæði barna. Tryggja að útinám sé fastur þáttur í vikulegu skipulagi allra deilda.	Haust 2028	Stofna útinámsnefnd sem tekur við af læsisnefnd.	Að allir vinni að sameiginlegri áætlun um útinám. Að nýta nærumhverfið markvisst sem námsvettvang.	Janúar 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Lanis	Innleiðing á Lanis, málþroskaskimun. Til þess að bera kennsl á börn sem mögulega eiga við frávik í tali og málþroska að stríða. Þannig að hægt sé að grípa inn í við viðeigandi stuðning og málörvun sem fyrst.	Skólaárið 2026-2027	Deildarstjórar og stjórnendur.	Skima öll börn á aldrinum 2,9-3,9 ára fyrir lok skólaársins	Rafrænu námskeiði lokið. Vinna hefst í haust.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 2 -Símenntaráætlun

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Tveir starfsmenn á hvert námskeið að lágmarki	Námskeið í jákvæðum aga	Starfsfólk tileinki sér vinnubrögð jákvæðs aga	1 x á önn	2 daga námskeið	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarstjóri
Allir starfsmenn	Kraganámskeið	Ýmis námskeið í boði á hverri önn á vegum sveitafélaganna. Fjölbreytt viðfangsefni.	2 x önn að meðaltali	2 klst. að meðaltali	Unnið á vinnutíma	Allir starfsmenn
Nýliðar	Leiðbeinandanámsekið	Til að efla nýtt starfsfólk í starfi. Að það tileinki sér þau vinnubrögð sem ætlast er til í leikskólum Kópavogs.	1 x önn	2 klst. í hvert skipti. 4 skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
Allir starfsmenn	Skyndihjálparnámskeið	Kenna starfsfólki fyrstu viðbrögð	Vorönn 2026	3 klst.	Óvíst	Leikskólastjóri/ Aðstoðarleikskólastjóri
Kennarar	Kennari hjálpar kennara/Lausnateymið	Jafningafræðsla, ígrundun, samráðsfundir og lausnaleit	Eftir þörfum	1 klst að meðaltali	Unnið á vinnutíma	Lausnateymi og sérgreinastjóri
Allir starfsmenn	Námsferð erlendis	Hópefli og skólaheimsóknir	Vorönn 2027	12 klst	Maí 2026	Leikskólastjórar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 3 - Umbótaáætlun 2025-2026 – Markmiðum sem var náð

Viðfangsefni/markmið	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Börn verði þátttakendur í að búa til samskiptareglur á hverri deild	Gert á barnafundi að hausti á hverri deild.	Október ár hvert	Deildarstjórar	Reglur hengdar upp sýnilegar börnum, starfsfólki og foreldrum á hverri deild.	5 af 5 deildum hafa lokið gerð reglnanna – árlegt markmið, fest í sessi.
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins	Morgunfundir barna	Daglega	Deildarstjórar og meðlimir vinnuhóps	Daglegir morgunfundir barna fram að áramótum	Gekk vel, fest í sessi.
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins	Barnafundir. Val á hádegismat – 2 x á ári hver deild Okkar leikskóli. Hver deild kýs um kaup á leikföngum	Gegnumgangandi allt árið – lágmark einu sinni í mánuði.	Deildarstjórar	Breytingar sem rekja má til innleggs barna	Gekk vel, fest í sessi.
Þekking foreldra á markmiðum leikskólastarfsins og mikilvægi samvinnu varðandi þroska barnanna	Auka við fræðslu til foreldra. Útbúa einblöðunga sem fara heim í hverju foreldraviðtali.	Einblöðungar vorönn 2026.	Faghópur	Viðhorfskönnun að vori. Hvernig foreldrar upplifa einblöðungana.	Lokið vor 2026. Áframhaldandi vinna. Mikilvægt að meta ánægju foreldra.
Fækka teymum/nefndum og virkja þær sem starfa	Leggja áherslu á þá vinnuhópa sem ákveðið var að sinna ættu mikilvægustu markmiðum skólaársins. Teymin hittast einu sinni í mánuði og setja sér verkefni og fylgja þeim eftir inni á deildum eða í vinnuhópnum.	Skólaárið 2025-2026	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Jákvæður agi. Lubbi og læsi. Matsteymi. Barnasáttmálinn/ Sólblómaleikskóli	Gekk mjög vel. Áframhaldandi vinna með ákveðin teymi sem verða að festu. Læsisnefndin lýkur störfum á haustönn og við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

					tekur ferilmöppunefnd.
Hæfnirammar í íslensku er notaður í leikskólanum Furugrund til að fylgjast með framvindu tví- og fjöltyngdra barna í íslensku.	Allt fagfólk skólans notar ný blöð til að fylla út fyrir hvert og eitt tví- eða fjöltyngt barn.	Einu sinni á önn.	Allt fagfólk.	Allir listar alltaf útfylltir fyrir foreldraviðtöl.	Gekk vel, áframhaldandi markmið.
Innleiðing farsældarlaga með samþættri þjónustu.	Að allt fagfólk geti boði foreldrum samþættingu.	Þegar við á	Allt fagfólk	Að allir verði öruggir með verkferla	Gekk vel, áframhaldandi markmið.
Þróunarverkefni menntasviðs bein aðkoma sálfræðings inn í leikskólanna.	Sálfræðingur menntasviðs mun vera með fasta viðveru í leikskólanum á tveggja vikna fresti tvo daga í senn. Þar sem hún er starfsfólki innan handar varðandi ýmis mál sem upp koma. Einnig kemur hún að málum einstakra barna eða barnahópa.	Haustönn 2025	Allt starfsfólk	Metið af menntasviði. Mál gangi hraðar í gegnum kerfið.	Gekk vel, verður svona næstkomandi skólaár líka.
Blað barnsins - foreldrasamtöl	Auðveldar starfsfólki að meta stöðu barna. Skilvirkari foreldrasamtöl. Bætt yfirsýn yfir alla leikskólagöngu barna og framvindu þroska þeirra. Samræmd viðmið og meiri ígrundun fagfólks. Tímasparnaður.	Haustönn 2025	Allt fagfólk	Leikni við að nýta nýju foreldraviðtalsblöðin	Lokið – tekið í notkun haustið 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fasthetjur	Fasthetjuverkefnið var keyrt í annað árið í röð.	Vor 2026	Deildarstjóri elstu deildar	Börnin geti brugðist rétt við í neyð með því að leita aðstoðar fullorðinna og hringja í 112	Lokið. Árlegt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 4 - Skóladagatal 2026-2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Leikskólinn Furugrund

		Lausn mánaðarins			Að stjórna sér			Segja stopp			Skiptast á			Deildarval				Fyringefðu			Hjálpa			Bjóða knús			Vera með			Deildarval			
		ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ	
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ		1	F	Nýársdagur	1	M		1	M	Foreldrasamtöl Dropa-Mánasteinn í þessari viku	1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F	
2	S		2	M	Opið hús fyrir foreldra kl 15-16	2	F		2	M	Foreldrasamtöl Álfa-Dvergasteini í þessari viku	2	M	Jólaball í garðinum	2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F		
3	M	Fridagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F	Jólabakstur á deildum	3	S		3	M		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F	Útskrift elstu barna	3	L	
4	Þ	Sumarlokun	4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S	
5	M	Sumarlokun	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M		5	M	Mögulega auka skipulagsdagur 5.eða 10.maí	5	L		5	M	
6	F	Leikskólinn opnar 13:00	6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn/vasaljósadagur Ganga foreldrafélagsins	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S		6	Þ	Leikskólinn lokar kl : 13:00
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S		7	S		7	M		7	F	Skipulagsdagur	7	M		7	M	Sumarlokun
8	L		8	Þ		8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M	Foreldrasamtöl Dropa-Mánasteinn í þessari viku	8	F	Afmæli Furugrundar - 49 ára	8	L		8	Þ		8	F	Sumarlokun
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur	9	F		9	S		9	M		9	F	Sumarlokun
10	M	Aðlögun milli deilda hefst	10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M	Mögulega auka skipulagsdagur 5.eða 10.maí	10	F	Sumarhátíð foreldrafélagsins	10	L	Sumarlokun
11	Þ	Aðlögun nýrra barna hefst	11	F		11	S		11	M	Skipulagsdagur	11	F		11	M		11	F		11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S	
12	M		12	L		12	M	Foreldrasamtöl Töfrasteini í þessari viku	12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F	Dagur stærðfræðinnar	12	M		12	M		12	L		12	M	Sumarlokun
13	F		13	S		13	Þ		13	F	Foreldrakaffi kl.8:15-9:30	13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarlokun
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S		14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarlokun
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M	Foreldrasamtöl Töfrasteini	15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarlokun
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru/plokkdagur	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu - Lestrartak Lubba hefst	16	M	Jólalegur dagur/jólamatur	16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarlokun
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Ljóðveldisdagurinn	17	L	
18	Þ		18	F		18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S	
19	M		19	L		19	M	Foreldrasamtöl Dropa-Mánasteini í þessari viku	19	F		19	L		19	Þ		19	F	Vöfflukaffi vegna konudags fyrir börn og starfsfólk	19	F		19	M		19	M		19	L		19	M	Sumarlokun
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M	Skipulagsdagur	20	L		20	L		20	Þ		20	M		20	S		20	Þ	Sumarlokun
21	F		21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarlokun
22	L		22	Þ		22	F	Skráningardagur	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur - Þorrablót	22	M	Skráningardagur	22	M	Skráningardagur	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	Sumarlokun
23	S		23	M		23	F	Skráningardagur	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningardagur	23	Þ	Skráningardagur	23	F		23	S		23	M		23	F	Sumarlokun
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagur	24	L		24	M		24	L		24	F	Sumarlokun
25	Þ		25	F	Skipulagsdagur	25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S	Sumarlokun
26	M		26	L		26	M	Foreldrasamtöl Dropa-Mánasteini í þessari viku	26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	Sumarlokun
27	F		27	S		27	Þ		27	F	Lestrartaki Lubba lýkur	27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	M	Foreldrakaffi kl.8:15-9:30	27	S		27	Þ	Sumarlokun
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagur	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	Sumarlokun
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagur	29	F							29	M	Annar í Páskum	29	F		29	Þ		29	F	Sumarlokun
30	S		30	M		30	F	Bangsa og náttfatadagur	30	M		30	M	Skráningardagur	30	L							30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarlokun
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S							31	M	Foreldrasamtöl Álfa-Dvergasteinn				31	M				31	L	

Uppbrotsdagar - sinnt af kennurum

Skráningardagar

Þátttaka foreldra æskileg

Skipulagsdagar

Viðburðir foreldrafélagsins: Krakkahestar, páskaeggjaleit og sveitaferð ákveðið síðar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 5 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026